

Breytingartillögur

við frv. til l. um skipan ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Samtaka ferðaþjónustunnar sem tilnefna þrjá fulltrúa“ í 1. mgr. komi: Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tilnefnir tvo fulltrúa.
2. Við 8. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ferðamálastofa ákveður hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „á síðustu þremur árum“ í c-lið 2. mgr. komi: á síðustu fjórum árum.